



Það er **LEIKUR AÐ LÆRA** í Vesturbergi

Að fá að njóta sín á eigin forsendum, að fá að leika í friði, að fá að efla sköpunarþörf, að efla ímyndunarafl og að fá að sýna frumkvæði eru nokkrir þættir sem börn í Vesturbergi fá notið. Bráðum tvítugur leikskólinn hefur haldið í þær hefðir og það skipulag sem upphaflega var lagt af stað með árið 1997. Ein af þeim fáu kennsluaðferðum sem bætt hefur verið við í Vesturbergi er **Leikur að læra**.

Upphafið af **LAL** í Vesturbergi var vorið 2015 þegar nokkrir kennarar lögðu land undir fót og héldu til Alicante í þeim tilgangi að kynna sér aðferðir **LAL**. Kennurum kom saman um að kennsluaðferðir **LAL** myndu henta vel og falla inn í aðferðafræði Vesturbergs. Haustið 2015 hófst innleiðingarferlið með Kristínu Einarsdóttur höfundu og eiganda **Leikur að læra** í fararbroddi. Kennarar hafa allir farið í gegnum innleiðingarferli og ef nýir kennarar hefja störf er boðið upp á nýliðanámskeið hjá **LAL**.

Leikur að læra er kennsluaðferð þar sem börnum á leikskólaaldri og fram að miðstigi í grunnskóla eru kennd bókleg fög í gegnum leiki og hreyfingu á skemmtilegan, líflegan og árangursríkan hátt. Það er svo ótrúlega heppilegt þegar aðferðir finnast þar sem allir, bæði kennarar og nemendur njóta sín. Kennarinn fær í hendurnar frábært verkfæri þar sem hann getur notað ýmsar aðferðir til að kenna bæði læsi og stærðfræði. Kennarar sem nýta sér aðferðir **Leikur að læra** fer smátt og smátt að tileinka sér námsefnið frá öðru sjónarhorni, frá sjónarhorni barnanna og þörf þeirra til að hreyfa sig.

Einn hluti af kennsluaðferðinni er foreldraverkefni, en tvo morgna í viku, gera börnin verkefni þar sem foreldrar taka þátt með börnum sínum, framkvæma verkefni og hreyfingu í kjölfarið. Foreldrar hafa áhuga og hafa sýnt heilmikla leikni í verkefnunum.

Vesturberg varð formlega hluti af **Leikur að læra liðinu** þann 26. ágúst 2016.

Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri Vesturbergi